






Bókin Stærð veraldar eftir Pétur Halldórsson er byggð á rannsóknnum Einars Pálssonar Salka bókaútgáfa 2007



Heimsmyndin var allsstaðar 216.000 fet að þvermáli, mæld út frá formiði í suðvestri




Pétur Halldórsson  
po@internet.is

# Einherjar Rómar

Ef landnámsmenn mörkuðu slíkt kerfi í land hlaut þekking á því að hafa borist til Íslands í farteski þeirra. Ekki er hægt að áætla að svo flókin hugarsmíð sprytti úr kolli landnámsmanna í Íslandi um það leiti sem Kristín trú var að riðja hinum gamla heiðna síð úr vegi.

Á sléttlendi víðáttumikilla árása hlaðast upp þykk setlög sem fallvötn hafa borið með sér í milljónir ára, þar er gjöfull jarðvegur og gott beytiland. Á slíku kjörlandi má finna elstu mannvistarleifar sögunnar, þar hefur undirritaður fundið mörg heimsmyndarkerfi eins og Einar Pálsson uppgötvaði á Rangárvöllum, þau eru öll bundin "sköpunartölunum" 216 eða 432 (2 x 216). Margt bendir til þess að mörkun slíkrar heimsmyndar hafi fylgt manninum í þúsundir ára því svo virðist sem hvar sem hópar forfedra okkar gerðu sér ból, helguðu þeir land með sama hætti.



Heimsmyndin sem Einar Pálsson uppgötvaði á Rangárvöllum var 216000 fet að þvermáli og vörðud níu táknum.

Kerfið var annars vegar heimsmynd, hinsvegar sólúr sem virðist stíkað frá kennileiti sem markaði dimmasta dag vetrar, í suðvestri (1) til þess staðar sem markaði bjartasta dag sumars í norðaustri (2-4). Í háaustur frá upphafshvolnum (2) var staður vetrar (5), þaðan var stíkað í norðvestur að stað sem markaði sumarkomu (5-6). Þessir tveir öxlar mættust í miðju kerfisins (3). Við miðjuna var markað landsvæði sem var sjóndeildahringur manns að stærð (3-8 og 7-9), það var bæði hringur og ferningur.

## Hin Norræna heimsmynd

Þegar trúarlegt höfuðskáld Íslendinga, Jónas Hallgrímsson, skrifaði um eðli og uppruna jarðarinnar sótti hann í viskubrunn náttúrufræði samtímans og í lærdóma Platós. Hann sagði okkur að jörðin, þreytti skeið sitt með ærnun hraða kringum sólina og fylgdi föstum og órjúfandi lögum sem mannlegri skynsemi hefur nú auðnast að þýða.

Ætíð þegar tóm gefst til, flógrar hugurinn til veraldarinnar handan hins daglega streðs, þá er okkur tamt að hugleiða stærð veraldar og uppruna lífsins. Einhventíma í fornöld rak lögmálið forfedur okkar til að gera sér heimsmynd og marka hana í landið. Tákn heimsmyndarinnar voru fest við fjöll eða náttúruleg fyrirbæri eða rist í bein eða steina. Tákn hennar má einnig finna falin í launfræði í sagnaarfi okkar. Íslendingar eru afkomendur landnema sem numu Ísland um það leiti sem kristni tók við af heiðni í Norður Evrópu. Guð varð ósýnilegur en sonur hans birtist í mynd manns. Það var líkt og mannkyn axlaði ábyrgð á öllu sköpunarverkinu

Flestir landnámsmenn Íslands helguðu sér land. Samkvæmt kenningum Einars Pálssonar fólst helgunin í því að framkvæmd var sköpunarathöfn, mörkuð var heimsmynd og áttir voru skorðaðar. Tákn og tölfræði heimsmyndanna bendir til þess að nota má íslenska heimsmynd sem einskona mælistiku til að útskýra ýmis menningarsöguleg fyrirbæri veraldar. Höldum til Rómar.

Því heimsmyndin og mælieiningarnar sem alla tíð höfðu miðast við tákn náttúrunnar holdgerðust í eingetnum syni guðs.

Óðinn á sér mikla flóru tákna í elstu rituðu heimildum. Einar Pálsson fjallar ítarlega um þau í bók sinni Ás, (Mímir, 1976). Ein af mörgum athyglisverðum niðurstöðum hans í þeirri bók er sú nr. 31. á bls. 498 og er svona: "Óðinn á Askinum var heiðin hliðstæða Krists á krossinum. Kristur var festur á tré því hann gekk í fótspor kornuðs, hann fórnaði sér fyrir menn líkt og líkami kornsins, á hátindi þroskans".

Sköpun var táknud með réttum hlutföllum og réttlæti, Óðinn virðist tákngervingur þessa hugtaka. Margt bendir til þess að hann hafi verið fadirinn sem fórnaði sér á krossi, gaf sjálfum sér sjálfan sig á tré í réttum hlutföllum veraldar.

Hugmyndir heimsmyndar sem umlæk veröld mannsins bundust tölunum: 27 (3x3x3) -54 -108 -216 -432. Tölvisi Einherja Óðins benda til að heimsmynd þeirra hafi verið byggð á tölunni 432.000 (216.000 x 2).

Valhöll Óðins var lýst svo í 23. og 24. vísu Grímnismála:

23. Fimm hundruð dura ok um florum tögom, svá hygg ek at Valhollu vera; átta hundruð einherja ganga (senn) ór einom durum þá er þeir fara at vitni at vega.

24. Fimm hundruð gólfa ok um florum tögom, svá hygg ek Bilskirni með bugom; ranna þeira er ek rept vita, míns veit ek mest margar.

Út um hvert af 540 hliðum Valhallar koma 800 einherjar (540 x 800 Einherjar = 432.000) og berjast við myrkrið fyrir ljósið. Hér virðist talað um alheimslögmál heimsaldra í samræmi við árpúsunda menningarsögu þjóða sem sagt er frá í goðsögum Persíu og Indlands. Hin tölulega stærð Valhallar er af stærð hringrásar sólar og tungs, fjöldi hliðanna og fjöldi Einherja er fenginn úr talnalögmáli "fullkominnar veraldar". Hugmynd Valhallar virðist hafa verið sama hugmynd, í henni fólst hin ævafora sköpunartala 432.000. Heimsmynd manna var mörkuð í samræmi við fullkomna veröld, Miðgarður virðist hafa verið heimsmynd manna.

## Hin rómverska heimsmynd

Í miðri heimsstyrjöldinni síðari gengu Mussolini og Hitler valdsmannslegir undir sigurboga Titusar í Róm sem hafði verið lokaður opinberum athöfnum. Heyrt hef ég leiðsögu-

menn leyfa Gyðingum að skirpa á veggi hans, en þó ekki á djúpristar veggmyndir undir bogunum sem sýna eftrisóttasta fjársjóð veraldar -regintákn Israelsku þjóðarinnar.

\* Þegar tölfræði Etrúska og Rómverja er skoðuð og heimsmynd Rangárvalla borin saman við menningarsvæði Tíber-valla kemur í ljós samskonar kerfi byggt á samskonar tölvisi, og virðast ýmis mannvirki þar eiga sér hliðstæður í táknmyndum sem finnst á Rangárvöllum og getið er um t.a.m. í Njálssögu. Við nánari athugun má sjá að þau virðast ekki ósvipuð mannvirkin Valhöll og Colosseum Rómar. Í verkfræðilegum skilningi er sagt að það síðarnefnda sé eitt flóknasta mannvirki síns tíma og eitt af byggingarsögulegum afreikum mannkynsins.

Það var háttur Rómverja að bindast nægjanlegum friðarböndum við þjóðir sem þeir hertóku til að skattlagning gæti farið snúru-laust fram því það sem vakti fyrir Róm var að hirða verðmæli þeirra. Ekki fer sögum af andspyrnu við hersetu Rómverja að neinu marki í þeim þjóðfélögum sem þeir lögðu undir sig að undanskilinni óþegð Kelta í Englandi og upp-reisn Gyðinga í Palestínu.

## Colosseum - Valhöll Rómverja

Við upphaf okkar tímatala var heimsaldur Rómar rúmlega hálfnaður. Má segja að hin grísk/egypska heimsmynd, sem var þúsundum ára eldri, hafi verið þurrkuð út þegar herir Rómar, undir stjórn Vespesians og sonar hans Titusar, unnu fullnaðarsigur á gyðingum í Palestínu árið 70. Þúsund ára ríki Rómar náði þá yfir stóran hluta hinnar þekktu veraldar og var á hátindi velmegunnar skeiðs síns. Á þessum tímamótum lét Vespasian keisari reisa ramfelt sporöskjulagað hof í miðri Rómurborg, tákn um sigur hinnar eyllifú Rómar. Hið mikla hringleikahús, Colosseum, er nú hrunið að hluta og er því ekki vitað hvernig herbergjaskipan þess var né hve margir áhorfendur komust þar fyrir er talið er að þar hafi verið sæti fyrir 40 - 50.000 manns. Hofið hefur 80 boga dyr og gnæfir líkt og 16 hæða hús yfir umhverfið. Ef við skoðum hofið með hliðsjón af Valhöll Grímnismála og tölfræði heimsmyndar Tíber-valla má gera ráð fyrir að í byggingunni leynist sama tölfræði og sú sem höfundur 23. og 24. vísu Grímnismála virðist hafa haft þekkingu á. Því sköpun nýrrar veraldar var háð réttum tölum og réttum hlutföllum sem arkitektar Colosseum virðast hafa haft í huga við byggingu þess. Það er tilgáta mín að til að fullnægja klassískum lærdómum heimsmynda var gert ráð fyrir að 5400 áhorfendur gengu inn um hvern af 80 sigurbogum hringleikahússins við fórnarathafnir og fyllt þannig sköpunartöluna 432000 (5400 x 80).

Svo margir voru Einherjar á áhorfendapöllum Valhallar Rómar þegar háður var til úrslita leikur heimsmyndakerfa Rómverja og Gyðinga.

Það er önnur saga að við hnignun heimsveldis Rómar nokkrum öldum síðar, náðu gyðingar fram hefndum á táknrænan hátt með því að rífa þann hluta Valhallar sem stúka keisarans var og nota efnið til byggingar nýrrar kirkju heilags Péturs hinu megin við ána Tíber.

Upp á hæð í einum elsta hluta Rómar, steinsnar frá Colosseum, stendur minnisvarði sem Domitian keisari lét reisa um fullnaðar sigur bróður síns Titusar á Gyðingum og eyðileggingu Jerúsalem. Sigurbogi Titusar er eins og völdugt hlið við enda Via Sacra, líkt og teningslöguð fyrirstaða í Götunni helgu, sem herafi Rómar megnaði að hola og þrammaði í gegn um á táknrænan hátt á sigurhátíðum hersins. Má ætla að hugmyndir beggja mannvirkjanna, Colosseum og Sigurbogans, séu náskyldar því bæði voru þau byggð eftir sigurinn í Landinu helga. Lágmyndir sem prýða veggi innan hvelvingar sigurbogans sýna 15 rómverska hermenn á leið heim eftir götunni helgu með stríðsgóss; súlur tvær, lúðra og Örk sáttmálans ásamt sjöföldum kertastjaka, sem nú er tákn gyðingabjódarinnar. Enginn veit í rauninni hvaða muni fjársjóðurinn hafði að geyma því ekki er vitað til þess að nokkur hafi séð hann, en stríðsgóssið hefur verið vinsælt umræðuefni allt til okkar tíma. Má segja að lágmyndirnar hafi hrundið af stað mestu fjársjóðsleit sögunnar.

En tákn heimsmyndanna benda til þess að hér sé um táknmal að ræða.

Frumgerð þeirrar heimsmyndar sem liggur til grundvallar skipulagi Rómarsvæðisins á Tíber-völlum, varð sennilega til á svipuðum tíma í sögunni, við upphaf fyrstu borgarsamfélaga veraldar, rétt norðan við hitabeltið þar sem árstíðamunar tekur að gæta. Heimsmyndarþekkingin færðist hægt og bitandi frá Indus svæðunum um menningarsvæði Miðjarðarhafisins, Súmer, Egyptaland, Grikkland og til landsins helga.

Rómverska keisaraveldið var það stærsta sinnar tegundar við upphaf okkar tímatala. Langar aldir sótti Róm vald sitt til fjarstu kima veraldar. Sigursælur hersveitir hennar færðu táknin heim, síðasta spöllinn eftir Via Sacra í gegn um Sigurboga Titusar og inn á svið Valhallar, þar sem keisari var krýndur. Sigurhátíðirnar hófust á strætum Rómar, borgarbiar þyrptust út til að taka þátt í hátíðarhöldunum. Skróðganga hersins liðaðist vestur eftir Götunni helgu og undir sigurbogan. Fyrstir fóru borðalagðir höfðingjarnir, á eftir þeim komu foringjar, þá hermenn sem hömpuðu stríðs góssinu sem höfðingjarnir færðu keisarunum. Síðastir voru dregnir fangar sem beid hræðilegur dauði í hringleikjahúsinu fyrir framan 43200 áhorfendur.

Viskubikar hinna miklu menningarþjóða fyrir botni Miðjarðarhafs tæmdu Rómverjar þegar uppreisn gyðinga í Palestínu var barin niður. Náðarhöggjó veittu glatiatorar í hringnum "þá er þeir fara at vitni at vega". Í miðju hofsins voru gyðingar drepnir á táknrænan hátt, líkt og til að vottfesta heimsmyndarskiptin í "Valhöll" rómverska heimsveldisins.

Sigurbogi Titusar var eingöngu notaður við sigurhátíðir hersins. Í dag er hann lokaður almennri umferð að beiðni Israels stjórnar.<sup>1</sup>

1. Sean Kingsley, Gods Gold, s. XI. John Murray Publishers London, 2006.